

Gísli Ólafsson greiði Guðmundi og Ingibergi kr. 5.000.00 upp í málskostnað.

Eiganda fyrrgreindra lóða, bæjarstjórn Sauðárkróks fyrir hönd kaupstaðarins, ber að þola framangreinda ákvörðun merkja milli lóðanna.

Að því er varðar bæjarstjórnina, fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. febrúar 1963.

Nr. 48/1962. **Freysteinn Þorbergsson**

(Jóhannes Lárusson hdl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna

Vélasjóðs (Einar Viðar hdl.)

og

**Ræktunarsambandi Breiðdæla og Berunes-
hrepps (Guðmundur Ásmundsson hrl.)**

og

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna

Vélasjóðs

gegn

Freysteini Þorbergssyni

og

**Ræktunarsambandi Breiðdæla og Berunes-
hrepps.**

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús
B. Torfason.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1962, og eru dómkröfur hans þessar:

Aðalkrafa, að gagnáfrýjanda og stefnda verði dæmt að greiða honum in solidum kr. 239.128.29 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1955 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varakrafa, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum fjárhæðir þær, er í aðalkröfu greinir.

Þrautavarakrafa, að fjárhæðir þessar verði dæmdar honum úr hendi stefnda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 3. desember 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. nóvember s. á. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, en til vara lækkunar fébótakröfu hans og að málskostnaður falli þá niður.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

A.

Ný málsgögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Aðaláfrýjandi og Pétur Ingólfsson hafa komið fyrir dóm og skýrt sakarefni.

Þórir tryggingafræðingur Bergsson hefur gert nýja áætlun um tjón aðaláfrýjanda vegna örorku hans, dags. 10. desember 1962. Er áætlun þessi miðuð við 12. júlí 1955, er slysið varð, í stað 12. júní 1955 ranglega áður, 6% ársvexti frá slysdegi til áramóta 1961/1962, en eftir það við 7% ársvexti, og litið er launahækkunar s.l. sumar. Hefur tryggingafræðingurinn reiknað tjónið á fimm vegu, og í álitsgerð hans segir svo:

„Ia. Gert er ráð fyrir launum fyrir almenna verkamannavinnu samkvæmt Dagsbrúnartaxta. Einungis reiknað með dagvinnu, eins og í fyrri útreikningum.

Ib. Sama vinnutekjuáætlun, eins og í Ia, að viðbættum 2 eftirvinnutímum á dag.

Ila. Gert er ráð fyrir taxta Dagsbrúnar fyrir stjórn á stórvirkum vinnuvélum, einungis dagvinna.

IIb. Sama vinnutekjuáætlun og í IIa, að viðbættum 2 eftirvinnutímum á dag.

III. Notaðar eru úrtaksrannsóknir Hagstofu Íslands yfir vinnutekjur kvæntra verkamanna.

Verðmæti vinnutekjutaps á slysdegi reiknast mér nema:

Ia. kr.	156.189.00
Ib. —	207.685.00
IIa. —	184.895.00
IIb. —	245.855.00
III. —	213.734.00.“

B.

Það var stórkostlegt gáleysi af samstarfsmanni aðaláfrýjanda, Péttri Ingólfssyni, að setja í gang aflvél skurðgröfunnar, eins og greinir í héraðsdómi, við þær aðstæður, sem þar er lýst. Þessi háttsemi var með þeim ólíkindum, að aðaláfrýjanda verður ekki metið til vangæzlu, að hann var eigi við henni búinn. Átti Pétur því alla og óskipta sök á slysinu og lemmstri aðaláfrýjanda.

Fallast ber á úrlausn héraðsdóms um ábyrgð á tjóni aðaláfrýjanda. Verður því staðfest ákvæði héraðsdóms um sýknu stefnda, en gagnáfrýjanda dæmt að bæta tjón aðaláfrýjanda að fullu.

Mat héraðsdóms á tjóni aðaláfrýjanda	
vegna örorku þykir mega staðfesta. Verða	
aðaláfrýjanda því samkvæmt 1. kröfulið	
hans dæmdar	kr. 125.000.00
Þjáningabætur, sbr. 2. kröfulið aðaláfrýjanda, þykja hæfilega ákveðnar	— 20.000.00

Samtals kr. 145.000.00, er gagnáfrýjanda ber að greiða aðaláfrýjanda með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 35.000.00. Að öðru leyti þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Dómsorð:

Stefndi, Ræktunarsamband Breiðdæla og Beruneshrepps, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Freysteins Þorbergssonar.

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Vélasjóðs, greiði aðaláfrýjanda kr. 145.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1955 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. marz 1962.

Mál þetta var tekið til dóms 9. febrúar s.l. Það var höfðað með stefnu, sem út var gefin 1. júní 1960 og þingfest daginn eftir. Í stefnunni er þess krafizt, að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Vélasjóðs og Ræktunarsamband Breiðdæla og Beruneshrepps, Suður-Múlassýlu, greiði in solidum stefnandanum, Freysteini Þorbergssyni, nú búsettum á Siglufirði kr. 198.888.00 ásamt 6% vöxtum p. a. frá 12. júní 1955 til 22. febrúar 1960, en 10% vöxtum p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er og í stefnunni krafizt málskostnaðar að skaðlausu. Á bæjarþingi 18. september s.l. var kröfum stefnanda breytt til hækkunar með samþykki umboðsmanna stefndu. Kröfur stefnanda eru nú þær, að stefndu verði in solidum til þess dæmdir að borga stefnanda kr. 241.058.29, auk 6% vaxta p. a. frá 12. júlí 1955 til 22. febrúar 1960, 10% vaxta p. a. frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu Vélasjóðs er aðallega krafizt sýknu og málskostnar, en til vara lækkunar á upphæðum og þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Af hálfu hins stefnda ræktunarsambands er hins sama krafizt að öllu leyti.

Málavextir eru þessir: Sumarið 1955 vann stefnandi við skurð-gröfu á Berufjarðarströnd. Hinn 12. júlí bar svo við, að hann handleggsbrotnaði, er hann var að vinna að stillingu í gröfunni, og eru kröfur hans í máli þessu á því byggðar, að hann hafi vegna slyss þessa orðið fyrir örorku, þjáningum og beinum fjárútlátum.

Í aðiljaskýrslu stefnanda, sem dagsett er 19. marz 1960, segir, að skurðgrafan hafi, þegar slysið varð, verið í hlaðvarpanum á bænum Streiti. Kveðst stefnandi hafa verið að vinna að viðgerð á tækinu ásamt samstarfsmanni sínum, Péttri Ingólfssyni, sem nú er bóndi í Vallholti, Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjar-sýslu. Í skýrslu stefnanda segir: „Freysteinn sat eða kraup aftan til í vélarhúsinu hægra megin og stillti skráfur á ási nokkrum, sem varða stjórn vélarinnar, en Pétur var við stjórn tækin framan til í húsinu vinstra megin og hafði eitthvað lauslegt fyrir stafni, á meðan hann beið eftir að Freysteinn lyki stillingunni. Hafði Pétur orð á því, að rétt væri að prófa gröfuna, þegar Freysteinn hefði lokið verkinu. Til þess að komast að verki þessu, var þægi-legast fyrir Freystein að hafa hægri hendina í gegnum stórt tannhjól, sem ekki á að fara á hreyfingu, þótt mótórin sé settur í gang, heldur aðeins þegar vírar eru halaðir út eða inn.

Nú hagar svo til í skurðgröfum af því tagi, sem hér er um að ræða, að þótt stjórn tækin séu flest framan til í vélarhúsinu vinstra megin, eða einmitt þar sem Pétur var staddur, þá er þó ekki hægt að setja mótórin í gang, nema með því að ýta á hnapp, sem er ofan til á veggnum í vélinni aftan til vinstra megin. Pétur gat því ekki sett mótórin í gang, nema Freysteinn sæi til, og Pétur hlaut einnig að sjá Freystein í liðlega meters fjarlægð um leið og hann setti aflvélinu í gang. Freysteinn átti því að vera óhultur við starf sitt og það því fremur, sem óheimilt er samkvæmt reglum um meðferð véla að setja aflvélinu í gang, ef tannhjólin eru í sambandi, en kúpling sú, sem notuð er til að setja þau í gang, eftir að aflvél er komin í fullan gang, er staðsett hægra megin við stjórnanda aftan til, þegar hann situr í sæti sínu.

Nú varð slysið með þeim hætti, að Pétur, sem mun hafa haldið. að Freysteinn væri búinn að ljúka verkinu, færði sig aftar í vélina og án þess að fullvissa sig um, að áðurnefnd kúpling væri í réttri stöðu og án þess að fullvissa sig um, að Freysteinn væri laus úr vélafækjunni, ýtti á hnappinn og setti aflvélinu í gang. Reyndist það nú hvort tveggja, að kúplingin var í rangri stöðu,

svo að tannhjólin tóku þegar að snúast og Freysteinn, sem var um það bil að ljúka verkinu, hafði enn ekki dregið handlegginn út úr hjólinu. Handleggurinn þverbrotnaði þegar, og Freysteinn fann, að hann dróst að tönnunum, sem höfðu náð taki á fötum hans. Hann kallaði því í Pétur að stöðva vélina. Pétur brá skjótt við og kom margnefndri kúplingu í rétta stöðu, og fóru þá tannhjólin að hægja ferðina. Um líkt leyti tókst Freysteini að rykkja sér af tönnum tannhjollanna, sem náð höfðu taki á hálsmáli peysunnar og dregið hana út gegnum hálsmál samfestinsins, tætt hana í sundur á baki og hálsi, auk þess sem tennurnar skildu eftir olíu og smáskeinu á hálsi Freysteins að aftan“

Í aðiljaskýrslu þeirri, sem nú hefur verið nokkuð frá greint, sagði, að slysið hefði orðið 12. júní, og var lengi á því byggt við rekstur máls þessa. Sú dagsetning var einnig í skýrslu, sem Vélasjóður sendi Tryggingastofnun ríkisins og dagsett er 2. ágúst 1955. Pétur Ingólfsson kom fyrir dóm og taldi, að slysið hefði orðið 12. júlí, og óskaði stefnandi síðan að leiðrétta fyrri dagsetningu. Pétur kvað annars rétt frá málsatvikum greint, en sagði að öðru leyti m. a. þannig frá samkvæmt þingbókinni:

„Daginn, sem slysið varð, hafði skurðgrafan bilað þannig, að hjól losnaði í gólfi skurðgröfunnar. Þegar þeir skurðgröfustjórnarnir höfðu lokið við að festa hjól þetta, þá hafi þeir orðið þess varir, að snúningskúpling var slök. Stefnandi hafi gengið í að herða hana, og verið við það, þegar slysið varð Hafi það verk verið fólgið í því að herða stilliró hægra megin við snúningskúplinguna.

Þá skýrir vitnið svo frá, að það hafi sett vélina af stað algerlega af eigin hvötum og án nokkurra fyrirmæla samstarfsmanns síns. Vitnið segist hafa gert sér ljóst, að stefnandi var með handlegginn inni í tannhjólinu, þegar það setti vélina af stað. Hins vegar segist vitnið ekki hafa athugað stillingu kúplingarinnar, þegar það setti vélina af stað.

Vitnið óskar að taka fram, að full sterkt sé að orði kveðið hjá sér, þegar það segi, að það hafi gert sér ljóst, að stefnandi hafi verið með handlegginn í tannhjólinu. Hins vegar hafi það gert sér ljóst, að stefnandi hafi farið með handlegginn þarna inn á milli og var ennþá að vinna við verkið. Hafi það síðan sett vélina í gang, án þess að gefa því gaum, hvernig aðstaða stefnanda væri. Kveðst vitnið gera ráð fyrir, að það hefði álitnið, að stefnandi hefði lokið verki sínu.

Vitnið segir, að margvíslegur háttur sé hafður á því, hvernig skilið sé við kúplingu þá, sem um getur í skýrslunni á dskj. 3. Kveðst vitnið ekki hafa fengið nein fyrirmæli um það efni, þegar það lærði stjórn skurðgrafa. Ekki kveðst vitnið hafa verið á neinu námskeiði í þessum efnum. Það hafi byrjað óvant að vinna með skurðgröfu og fengið þjálfun og þekkingu á meðferð þeirra smám saman. Hafi ýmsir menn sagt sér til um starf þetta. Ekki getur vitnið munað, hvor þeirra skurðgröfustjóranna hafi verið við stjórn skurðgröfunnar, þegar áðurgreind bilun varð. Segir vitnið, að skurðgrafan hafi verið færð til á ákveðinn stað, meðan verið var að gera við hana, en ekki telur vitnið, að hróflað hafi verið við kúplingunni í þeim flutningi.

Venjulega segist vitnið hafa sett skurðgröfuna þannig í gang, að það hafi ýtt á hnapp efst á þilinu aftast vinstra megin. Síðan hafi það strax á eftir sett kúplinguna á.

Telur vitnið hugsanlegt, að það hafi haft þennan hátt á í þetta skipti, en man þetta þó annars aðeins óglögg, þar sem svo langt sé um liðið.“ Pétur kom fyrir dóm 15. júní 1960.

Í skýrslu þeirri frá 2. ágúst 1955, sem Vélasjóður sendi Tryggingastofnun ríkisins og áður er greint frá, segir: „Slasaði var að stilla snúning á skurðgröfunni, var með höndina gegnum tannhjól, þegar samverkamaður hans setti vélina í gang.“ Þar segir og, að hér hafi verið um að ræða skurðgröfuna V-25, og er þá átt við einkennisstafi, sem vélasjóður notar um tæki sín. Í skýrslunni eru ekki aðrir tilgreindir, sem geta gefið upplýsingar um slysið, en Pétur Ingólfsson.

Í málinu hefur verið lögð fram skýrsla frá Öryggiseftirliti ríkisins. Í henni segir frá slysinu með sama hætti og hér er áður fram komið, en bætt við: „Pétur hefur sennilega átt að taka við stjórn skóflunnar af Freysteini, er slysið varð. Venjulega eru tveir menn á skóflum og skiptast þeir á.“ Skýrsla þessi er dagsett 16. febrúar 1961, og segir í henni, að um tildrög slyssins sé farið eftir frásögn núverandi verkstjóra hjá Vélasjóði, Páls Sigurgeirssonar.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Páls Sigurgeirssonar, þar sem segir um framkvæmd verksins, sem stefnandi var við: „Það er álit mitt, að eðlilegra sé að vera alveg aftan við umrætt tannhjól og alls ekki með hendina í gegnum það, þegar þessi stilling er gerð.“ Þegar Pétur Ingólfsson kom fyrir dóm, var eftir honum bókað, að vantað hafi öryggishlíf yfir tannhjólum þeim, sem stefnandi festist í. Taldi hann, „að stefnandi

hefði ekki farið með handlegginn gegnum tannhjólíð, ef umræddar hlífar hefðu verið fyrir hendi. Hins vegar hefði sú aðferð, sem stefnandi notaði, verið þægilegust, eins og raunverulega stóð á, þegar slysið varð“. Stefnandi kom fyrir dóm, er Pétur hafði borið vitni. Var þá eftir honum bókað:

„Mætti skýrir svo frá aðspurður, að tvær leiðir hafi verið til þess að komast að til að stilla kúplinguna. Önnur hafi verið sú að fara inn í hjólíð, en það hafi ekki verið hægt, ef hlífar hefðu verið, nema taka þær af. Hin hafi verið að reyna að framkvæma verkið með annarri hendi eingöngu, en það hafi verið miklu erfiðara og óþægilegra, einkum vegna þess að hlíf var ekki yfir tannhjólinu. Gat í því tilviki verið hætta á að meiða sig á tönnunum eða a.m.k. að óhreinka sig á smurningi tannanna. Þessu hefði hins vegar ekki verið til að dreifa, ef hlíf hefði verið. Þá hefði síðarnefnda aðferðin ekki verið eins torveld og áður er lýst, þar sem þá hafi ekki verið hætta á að meiða sig á tönnunum eða óhreinka sig á smurningnum, sem var á tönnunum.

Hins vegar hefði verið jafnerfitt eða jafnvel erfiðara að komast að því að herða stilliróna á snúningskúplingunni.“

Þegar stefnandi kom fyrir dóm 19. janúar s.l., vék hann enn að því, að hann teldi, að hlíf hefði átt að vera framan við hjólíð, sem braut handlegg hans. Hann kvaðst ekki geta svarað því, hvort hann myndi hafa tekið þessa hlíf af, ef hún hefði verið. Taldi hann sig hafa hagað verkinu, eins og lýst hefur verið, að einhverju leyti til að forðast óhreinkun af smurolíu á tannhjólunum. Með bókun, sem gerð var 9. febrúar s.l., víkur stefnandi enn að vottorði Páls Sigurgeirssonar. Í bókuninni er gildi vottorðsins mótmælt, og segir í því sambandi m. a. þetta:

„A. Slysgrafan var í mjög slæmu ástandi, eins og hlutaðeigandi starfsmönnum ber saman um, legur margar mikið étnar og umrædd skrúfa svo föst á ási sínum, að varla var henni bifað með annarri hendi með þeim verkfærum, sem til voru á slysstað.

B. Stóra tannhjólíð, sem braut handlegg stefnanda, var hlíf-arlaust á slysagröfunni, eins og fyrr hefur komið fram.

Af þessu leiðir, að þótt maður, sem hefur úrvals verkfæri á stóru verkstæði, geti með annarri hendi skrúfað umrædda skrúfu á skurðgröfu, sem er í góðu lagi, og aðstæður allar eðlilegar, þ. e. hringsvið handarinnar óhindrað af hvössum og skítugum

tönnum tannhjóla, þá leiðir ekki af því, að maður, sem er að baxa við illa hirta gröfu á víðavangi með litlu úrvali verkfæra og þarf að gæta sín á óhlífðum, hvössum og óhreinum tönnum, þurfi að fara eins að verki. Stefnandi telur aðferð hans við umrætt verk eðlilega miðað við kringumstæður.“

Þegar stefnandi kom fyrir dóm 15. júní 1960, var eftir honum bókað, að maður, sem fyrr um sumarið hafði unnið með skurðgröfunni V 25, hefði borið fram símleiðis mjög ákveðnar kvartanir við Vélasjóð út af ástandi gröfunnar og talið upp nokkur atriði þar að lútandi, en ekki kvaðst stefnandi lengur muna, hvaða atriði þetta voru. Í aðiljaskýrslu stefnanda segir, að mikill tími hafi farið í viðgerðir á gröfunni, sem ekki hafi verið í góðu standi, þegar tekið var við henni.

Þegar stefnandi kom fyrir dóm 19. janúar s.l., sagði hann, að bilanirnar hefðu lengi valdið þeim félögum erfiðleikum. Hafi verið búið að panta varahlut í gröfuna, en hann verið ókominn. Sagði stefnandi, að stillingin, sem hann var að vinna við, þegar hann slasaðist, hafi verið einn liður í víðtækri viðgerð, sem erfitt var að komast að. Hafi þeir félagar verið búnir að vera nokkrar klukkustundir við viðgerðina, þegar slysið varð. Stefnandi kvað aðalbilunina hafa verið í hnattlaga stykki, sem hann minnti, að hefði verið á gólfinu langt bak við tannhjólið, sem braut handlegg hnas. Stefnandi ítrekaði í þessu þinghaldi, að þeir Pétur Ingólfsson hefðu verið að flytja gröfuna frá túnskurði að vegarskurði og bætti við, að þeim hefði fundizt ógerningur að vera lengur við gröft án þess að gera við gröfuna.

Þegar Pétur kom fyrir dóm 15. júní 1960, kvaðst hann ekki hafa kvartað við „vinnuveitandann yfir ástandi gröfunnar“.

Með áðurnefndri skýrslu frá Öryggiseftirliti ríkisins fylgdu myndir til skýringar. Kom síðar fram, að þær voru teknar á gröfunni V 14, sem er af gerðinni Priestman Cub, en grafan V 25, sem slysið varð á, er af gerðinni Priestman Wolf (ser. nr. 4386, árgerð 1947). Í bréfi frá Vélasjóði, sem lagt hefur verið fram í málinu, segir, að þetta hafi verið gert, þar sem V 25 hafi verði úti á landi, en hins vegar sé fyrirkomulag tannhjóla, öxla og annars búnaðar hið sama í þessum gröfum. Stefnandi hefur fyrir dómi bent á nokkur atriði á myndunum, sem hann telur e.t.v. ekki að öllu leyti eins og var á V 25. Hinir sérfróðu meðdómsmenn hafa athugað gröfuna V 8, sem er af Priestman Wolf gerð, og voru á staðnum stefnandi, framkvæmdastjóri Véla-

nefndar ríkisins, verkstjóri í þjónustu nefndarinnar og lögmenn aðilja. Bar þá ekki á milli um, hvernig aðstæður hefðu verið, þegar slysið varð.

Stefnandi máls þessa er fæddur 1931. Að eigin sögn hafði hann verið búsettur í Svíþjóð í 2½ ár, en komið heim vorið 1955. Í vottorði frá Skattstofu Reykjavíkur segir, að samkvæmt skattframtölum hafi stefnandi dvalizt erlendis árin 1952, 1953 og 1954. Stefnandi kveðst eftir heimkomuna hafa farið á námskeið í meðferð skurðgrafna, sem hann segir, að haldið hafi verið á vegum Vélasjóðs. Kveðst hann áður hafa verið vanur akstri, þótt hann hafi ekki stundað hann sem atvinnu. Stefnandi segir, að sig minni, að námskeiðið hafi staðið í 10 daga, að minnsta kosti ekki lengur en hálfan mánuð. Mest áherzla hafi verið lögð á skurðgröftinn sjálfan, en einnig hafi verið kennd meðferð véla. Kveður hann hafa verið unnið með tveimur vélum og undir leiðsögn tveggja kennara. Stefnandi tók fram, að hann hafi talið fræðsluna, sem veitt var á námskeiðinu, þannig, að varla væri unnt að senda menn eftir það út á land nema með vönum mönnum.

Er stefnandi kom fyrir dóm 10. júní 1960, sagði hann, að hann byggist við, að nemar á fyrrgreindu námskeiði hefðu verið varaðir við að koma nálægt tannhjólum eins og þeim, sem hann slasaðist við, meðan grafan væri í gangi, en ítrekaði, að svo hefði ekki verið, þegar slysið varð, og grafan þá ekki við skurð. Í þinghaldi 15. júní 1960 skýrði stefnandi svo frá, að á námskeiðinu hefði verið kennt að hafa bæri tengsli í hlutlausri stöðu, þegar hætt væri að láta vélina vinna. Svo hafi einnig átt að vera, þegar vélin var ræst og slökkt var á henni. Einungis hafi mátt tengja, eftir að vélin var komin á fulla ferð. Stefnandi kvaðst hafa verið vanur að fylgja þessum fyrirmælum, en sagðist hafa veitt því eftirtekt, að samstarfsmaður sinn, Pétur, hafi ekki alltaf gert það. Þá hefur stefnandi skýrt svo frá, að eftir námskeið það, sem áður geti, hafi hann verið sendur austur á Berufjarðarströnd með vönum skurðgröfumanni, Jóhannesi Sölva Sigurðssyni, sem þó hafi brátt orðið að hætta störfum vegna gamals meiðslis. Kveðst stefnandi þá hafa grafið einn um skeið, unz Vélasjóður sendi annan mann. Var það Pétur Ingólfsson. Bæði stefnandi og Pétur segja, að hinn síðarnefndi hafi áður unnið eitt sumar við skurðgröfu, og er áður vikið að framburði Péturs um þekkingu hans á verkum af þessu tagi.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að þeim skurðgröfustjórunum

hafi verið gert að gera við vélarnar eftir getu, enda viðgerðarmenn ekki nálægir: Hafi þeim verið kennt til þessa á námskeiðinu, sem hann sótti.

Af hálfu Vélasjóðs hefur verið lagður fram í máli þessu „rektrarsamningur“ um skurðgröfuna V 27 á árinu 1955, og verður nánar að skjali þessu vikið síðar. Skal þess eins getið hér, að í samningi þessum segir: „Gröfumenn skulu framkvæma allar viðgerðir á gröfunni, en Vélasjóður leggur til varahluti.“ Samningurinn er gerður á fjölritað eyðublað, og er því haldið fram af hálfu Vélasjóðs, að hið framlagða skjal gefi til kynna, hvernig samningar tíðkuðust sumarið 1955. Af hálfu Vélasjóðs hefur einnig verið lagður fram leigusamningur gerður 11. júlí 1955 um gröfuna V 17. Í hinum prentaða samningstexta kemur fram, að gert er ráð fyrir, að þeir, sem með gröfunni vinna, framkvæmi viðgerðir á vinnustað.

Hér að framan hefur það verið rakið, er fram er komið í málinu varðandi slys það, er málið er sprottið af, svo og varðandi ýmis atriði, er snerta starf stefnanda, áður en slysið varð. Verður nú vikið að afleiðingum slyssins og högum stefnanda, eftir að það varð.

Þegar Pétur Ingólfsson kom fyrir dóm 15. júní 1960, var m. a. eftir honum bókað: „Eftir að slysið hafði orðið, segist vitnið hafa séð áverka aftan á hálsi stefnanda. Því næst hafi það séð, að stefnandi varð handleggsbrotinn, en brotið þó lokað. Hafi handleggur stefnanda lafað niður í vinkil, ef honum hafi verið haldið út í láréttri stöðu. Því næst hafi verið símað frá bæn-um Streiti eftir lækni og hann komið skömmu síðar.“

Í skýrslu þeirri frá Vélasjóði, dags. 2. ágúst 1955, sem áður er minnst á og send var Tryggingastofnun ríkisins, segir, að 2 klukkustundir hafi liðið, frá því að slysið varð, þangað til læknir athugaði meiðslin. Ekki er fram komið í málinu, hvaða læknir þetta var, og ekki liggur fyrir umsögn hans um meiðslin.

Eftir þetta mun Pétur Ingólfsson hafa farið með stefnanda í bifreið að Egilsstöðum og stefnandi hafa farið þaðan til Reykjavíkur með flugvél. Um það, er síðar gerðist, segir svo í vottorði frá Snorra Hallgrímssyni prófessor, sem dagsett er 24. apríl 1957:

„Freysteinn Þorbergsson, f. 12/5 1931, til heimilis að Hverfisgötu 54, Reykjavík, var lagður á IV. deild Landspítalans 14/7 1955 vegna meiðsla, er hann hafði hlotið 2 dögum áður. Meiðslin skeðu að sögn á þann hátt, að hann varð með hægri handlegg fyrir hjóli á skurðgröfu.

Skoðun leiddi í ljós, að hann hafði hlotið brot á báðum fram-handleggsbeinum h. framhandleggs rétt framan við miðju, og voru brotendarnir úr allmiklu lagi færðir. Nauðsynlegt reyndist að lagfæra brotið með skurðaðgerð, og var það gert daginn eftir komuna og brotið á geislabeininu fest með málmspöng. Brotið greri mjög seint, og var hann látinn vera með gipsumbúðir á handleggnum í rúma 6 mánuði, að undanskildum 10 dögum, en þá var hann úti í Svíþjóð, og hafði gipsið verið fjarlæggt þar.

Hinn 28. febrúar 1956 var sjúklingurinn að nýju tekinn á deildina og málmspöngin fjarlægð. Brotið virtist þá að fullu gróið, en hafði ekki náð fullum styrkleika.

Er Freysteinn byrjaði að vinna erfiðisvinnu þrem mánuðum síðar, brotnaði geislabeinið að nýju á gamla brotstaðnum, án þess að nokkurt slys kæmi þar til greina.

Freysteinn var því tekinn á deildina af nýju hinn 26/6 1956 og brotið þá spengt með beini.

Eftir það var hann með gipsumbúðir á handleggnum í fulla 4 mánuði.

Freysteinn kvartar nú um lítilsháttar stirðleika í úlnlið og framhandlegg og hefur ekki enn fengið fullan mátt í hendina.

Við skoðun í dag kemur eftirfarandi í ljós: Örlítil sveigja út á við er á hægri geislabeini og 9 cm langt, vel gróið ör er á utanverðum framhandleggnum. Handleggurinn lítur að öðru leyti eðlilega út. Rýrnun á h. framhandlegg mælist $1\frac{1}{2}$ cm. Snún-ingur á h. framhandlegg út á við er minnkaður um 20° , en snún-ingur inn á við eðlilegur. Beyging á h. úlnlið er minnkuð um 15° , en beyging aftur á við (extension) eðlileg. Sveigja inn á við og út á við í h. úlnlið eðlileg. Hreyfingar í olnboga eru eðlilegar. Grófur kraftur í h. hendi reynist nokkuð minni en í þeirri vinstri. Með handarkraftmæli reynist grófur kraftur vera 100 í h. hendi, en 120 með þeirri vinstri.

Röntgenskoðun 8/4 '57 sýnir vel gróin brot á geislabeini og ölnarbeini nokkru framan við miðju. Nokkur fyrirferðaraukning er á beinunum á brotstöðunum, en stelling góð. Örlítil sveigja er þó út á við á geislabeininu.“

Í málinu hefur verið lagt fram örorkumat, gert af Bergþóri Smára lækni, dagsett 22. ágúst 1957. Þar segir, að stefnandi hafi komið til skoðunar 21. sama mánaðar. Segir í skjalinu, að stefnandi hafi kvartað um dálítið magnleysi í hægri handlim. Þá er handlegg hans lýst með sama hætti og í vottorði Snorra Hallgrímssonar. Síðan segir í örorkumatinu:

„Niðurstaða: Nokkur stirðleiki er þannig á úlnlið við ýmsar hreyfingar og má ætla, að það hafi nokkur áhrif á vinnugetu slasaða í framtíðinni. Aftur á móti má búast við því, að kraftur aukist í handlimnum, er fram líða stundir.

Örorka af völdum nefnds slyss telst hæfilega metin, svo sem hér segir:

Frá slysdegi 12. júní 1955 til 31. desember '55 ...	100%
— 1. janúar 1956 til 31. marz '56	75%
— 1. apríl '56 til 31. maí '56	50%
— 1. júní '56 til 30. sept. '56	100%
— 1. okt. '56 til 31. des. '56	60%
— 1. jan. '57 til 30. apríl '57	40%
— 1. maí '57 til 30. júní '57	25%
Úr því varanleg örorka	15%“

Eðlilegt þykir að rekja nú þegar og áður en nánar er greint frá störfum og tekjum stefnanda eftir slysið þrjú önnur læknisvottorð, sem fram hafa verið lögð í málinu og öll eru dagsett á þessu og síðasta ári.

Í vottorði Ólafs Þ. Þorsteinssonar, læknis á Siglufirði, frá 5. maí 1961 segir, að stefnandi hafi „alla tíð verið réttthentur. Hann hefur þó komizt upp á að beita vinstri hendi nokkru meira en áður, eftir að hann slasaðist á h. handlegg fyrir nokkrum árum“.

Þá hefur eftirfarandi vottorð verið lagt fram í málinu:

„Læknisvottorð fyrir Freystein Þorbergsson f. 12/5 '31.

Heimili: Aðalgata 5, Siglufirði.

Nefndur Freysteinn kom á stofu mína þann 11. nóv. 1961. Kvartanir, er rekja má til slyss, sem hann varð fyrir árið 1955: Hann kveðst fá þrautir í hægri framhandlegg um brotstaðinn við erfiðisvinnu. Auk þess kveðst hann stundum finna til dofa fram í hendi eftir erfiði og verkur sæki í handlegginn að næturlagi eftir erfiðisvinnu. Af þessum sökum kveðst hann ekki þola erfiðisvinnu. Hann kveðst og finna til svipaðra einkenna, ef hann vélritar lengi í senn. Þess á milli kveðst hann lítt bagaður af þessu.

Skoðun: 9 cm langt ör, velgróið, radíalt og dorsalt á hægri framhandlegg. Hægri framhandleggur mælist 2 cm rýrari á þessum stað en sá vinstri á tilsvarenda stað. Engin stytting. Eina hreyfingin, sem er hindruð, er supinatio, en ca. 10° vantar upp á fulla supinatio. Minnkað snerti- og sársaukaskyn á svæði á

stærð við tveggjakrónupening dorsalt yfir os metacarp. I dx. Lítils háttar veiklun er að finna við flexio í úlnlið og fingrum.

Siglufirði, 12/11 1961.

Guðm. Georgsson héraðslæknir.“

Loks hefur verið lagt fram vottorð frá Páli Sigurðssyni lækni, dagsett 15. janúar s.l. Þar segir, að stefnandi hafi tvívegis komið til viðtals hjá læknum, 28. marz 1961 og 15. janúar 1962. Þá er greint frá slysinu og meðferð stefnanda í samræmi við það, sem áður er fram komið. Síðan segir:

„Hann kveðst alltaf fá óþægindi í hægri handlegg og einkum í hægri úlnlið, ef hann reynir nokkuð á hendina og þarf ekki nema lítils háttar áreynslu til að verkur komi og haldist nokkuð lengi. Fær einnig verki í handlegginn, t. d. við að vélrita eða skrifa. Kveður sig einnig hafa mun minni styrk í hönd og handlegg en áður var.

Skoðun: Hægri handlimur. Það er eðlileg hreyfing í axlarlið og í olnbogalið. Rýrnun á þykkasta stað hægri upphandleggs og framhandleggs mælist 1 cm miðað við vinstra megin. Hreyfing í úlnlið er lítillaga minnkuð hægra megin og mælist 5° minni fetta en vinstra megin og hverfihreyfingin mælist 5—10° minni en vinstra megin. Það er enginn sársauki við þessar hreyfingar.

Það virðist vera örlítil sveigja út á við á framhandleggnum, aðallega bundin við hægra geislabein, og það er vel gróíð ör á framhandleggnum.“

Röntgenskoðun var gerð á Landakotsspítala 29/3 1961, og segir svo í umsögn röntgenlæknis:

„Hægri framhandleggur. Radius et ulnae dx. hafa brotnað á neðri þriðjung og eru beinin dálítið deformeruð um brotstaðinn. Brotið er fastgróíð í báðum beinum. Nokkur sclerosis er að sjá bæði í ulnae og radius. Hægri olnbogaliður og úlnliður virðast vera eðlilegir. R. diagn.: Status post fracturum antibrachii dx.“

Ályktun: Hér er um að ræða þrítugan mann, sem slasast við vinnu sína og brotnar illa á hægri framhandlegg. Brotið greri seint og hann var frá vinnu nær 2 ár eftir slysið. Eftir slysið hefur hann ekki getað unnið erfiðisvinnu eins og áður og fær verki í úlnliði og handlegg við áreynslu. Honum var metin 15% varanleg örorka hjá Tryggingastofnun ríkisins 22. ágúst 1957.

Við skoðun er að finna nokkra rýrnun á handleggnum og lítils háttar hreyfingarhindrun í úlnlið.

Röntgenskoðun sýnir, að beinin eru nú vel gróin, en með lítils háttar skekkju.“

Fyrir dómi 10. júní 1960 sagði stefnandi, að hann hefði þá ekki verki að jafnaði í handleggnum. Þó kvaðst hann fá verki, t. d. á nóttunni, ef hann reyndi verulega á handlegginn, t. d. við vélritun. Ekki sagðist hann hafa fullan styrk í handleggnum. Fyrir dómi 19. janúar s. l. sagði stefnandi, að líðan sín í handleggnum hefði heldur farið skánandi, en þó fái hann verk í allt að 2—3 vikur eftir erfitt átak. Hann kvað handlegginn nokkuð skakkan eftir brotið.

Þegar stefnandi kom fyrir dóm 19. janúar s.l., tók hann fram, að hann hefði frá barnæsku unnið líkamleg störf og þau hæft sér vel. Kvaðst hann hafa hafið verkamannastörf 15 ára og m. a. unnið 5 sumum hjá Vegagerð ríkisins. Bifreiðarstjórakaup kvaðst hann hafa fengið 19 ára og verið boðið smíðskaup síðar. Í Svíþjóð sagðist hann hafa unnið í ákvæðisvinnu og náð margföldum afköstum við störf, sem hann geti ekki unnið nú vegna slyssins. Áður er frá því greint, að stefnandi dvaldist í Svíþjóð frá því á árinu 1952 og þar til nokkru áður en hann slasaðist.

Annað en það, sem nú hefur verið rakið, er ekki komið fram um störf stefnanda og tekjur fyrir slysið.

Um störf hans og tekjur 1955 og síðar liggur fyrir skýrsla stefnanda sjálfs, svo og upplýsingar í 5 skattframtölum. Þess er og að geta, að stefnandi sagði fyrir dómi 10. júní 1960, að hann hefði, áður en slysið varð, hugsað sér að vinna með skurðgröfu þann tíma árs, sem sú vinna er stunduð, en nota tímann elia til að afla sér frekari menntunar.

Þegar stefnandi kom fyrir dóm 19. janúar s.l., ítrekaði hann, að hann hefði verið öryrki að öllu og síðar miklu leyti fyrstu tvö árin eftir slysið. Hann kvaðst hafa farið til Svíþjóðar, er hann kom af sjúkrahúsinu sumarið 1955, og fylgdist hann þar með skákmóti sem fréttamaður. Fékk hann aðstoð bróður síns við skriftir, enda var hann enn í gipsi. Þetta haust mun stefnandi hafa sezt í 1. bekk Kennaraskóla Íslands. Kveðst hann einkum hafa gert það, svo að tíminn nýttist til einhvers, en aldrei hafa haft neinn sérstakan áhuga á að gerast kennari. Var hann tvo vetur í skólanum, en lauk ekki náminu. Sumarið 1956 vann stefnandi í um það bil hálfan mánuð í glerverksmiðjunni, unz handleggurinn brotnaði aftur, eins og áður er fram komið. Þegar stefnandi kom fyrir dóm 10. júní 1960, sagði hann, að hann hefði hafið vinnu að ráði Snorra Hallgrímssonar prófessors.

Kvað hann prófessorinn hafa sagt, að hann mætti vinna algenga erfiðisvinnu, og sagðist ekki minnast þess, að hann hefði sagt stefnanda að hlífa sér, en taldi þó líklegt, að svo hefði verið. Stefnandi sagði vinnuna í verksmiðjunni hafa verið erfiða á köflum. Í þinghaldinu 10. júní 1960 taldi stefnandi sig hafa unnið í 2—3 vikur í glerverksmiðjunni, áður en hann fann til verulegra þrauta. Þó sagðist hann hafa fundið til lítils háttar þrauta um leið og hann fór vinnu í verksmiðjunni, en hafa talið, að slíkt gæti verið eðlilegt. Stefnandi kvaðst búast við, að hann hefði kennt nokkurra þrauta við áreynslu, áður en hann hóf vinnu í verksmiðjunni. Hann sagðist hafa unnið við að mylja heitt gler með sleggju og aka því á hjólbörum, þegar hann fór að kenna verulegra þrauta. Kvaðst hann hafa farið til læknis á öðrum eða þriðja degi eftir það, og hafi þá komið í ljós, að handleggurinn var brotinn.

Síðar þetta sumar, 1956, tók stefnandi þátt í tveim skákmótum erlendis og ritaði um það þriðja og enn fór hann utan um áramótin næstu til að rita um skákmót. Sumarið 1957 vann hann sem bílstjóri á síldarplani á Siglufirði og við önnur störf við fiskvinnslu. Haustið 1957 fór stefnandi til Moskvu og var þar við háskólanám í rússnesku og rússneskum bókmenntum í tvo vetur. Hafði hann framfæri sitt af rússneskum námsstyrk. Sumarið 1958 var hann á þremur skákmótum og hafði af því nokkrar tekjur, en þær fóru allar til að greiða uppihald, að því er stefnandi segir.

Vorið 1959 kom stefnandi aftur hingað til lands, vann í einn mánuð við fiskiðnfyrirtæki á Siglufirði, en fór síðan í þriggja mánaða ferðalag til Júgóslavíu á skákmót. Tekjur hans á því ferðalagi fóru allar í kostnað, að sögn hans sjálfs. Hann kom aftur heim í nóvember og hafði um veturinn tekjur af skák-kennslu og einhverjar tekjur hafði hann einnig af vinnu í frystihúsi á Siglufirði. Sumarið 1960 kveðst stefnandi hafa unnið í byggingavinnu stuttan tíma og síðar um stuttan tíma á benzínstöð. Um þetta leyti kvaðst hann í fyrsta sinn hafa haft tekjur af því að vera túlkur úr og á rússnesku. Einnig vann hann nokkuð sem fréttamaður um þetta leyti.

Haustið 1960 fluttist stefnandi búferlum til Siglufjarðar og hóf störf við fiskiðnfyrirtæki. Fyrstu tvo mánuði ársins 1961 ferðaðist hann um til skákkennslu á vegum Skáksambands Íslands, hóf skrifstofustörf í apríl og var við þau í fjóra mánuði,

en hefur verið fastráðinn sem túlkur hjá Sildarútvegsnefnd síðan 10. ágúst 1961.

Stefnandi tók fram, þegar hann gaf skýrslu þá, sem hér hefur verið rakin hinn 19. janúar s.l., að hann hafi hugsað sér að vinna að þýðingum og skriftum framvegis. Tók hann fram, að núverandi starf hans sé ekki samfellt og ótryggt, enda sé hann próflaus, en margir við nám í Moskvu.

Samkvæmt skattframtali stefnanda 1956 voru tekjur hans árið 1955 þessar:

Laun greidd af Vélasjóði ríkisins	kr. 5.660.00
— — — Slippfélaginu	— 3.022.00
Slysabætur	— 6.695.69

Kr. 15.377.69

Samkvæmt framtölum hafa tekjur hans næstu ár verið þessar:
1956 kr. 11.082.00 + „slysabætur samkvæmt reikningum Tryggingastofnunar ríkisins“.

1957 engar tekjur.

1958 engar tekjur.

1959 kr. 28.322.00.

Í málinu hefru verið lagt fram vottorð frá Tryggingastofnun ríkisins, þar sem segir m. a.:

„.... Téður maður, er varð fyrir slysi, að því er talið er 12. júní 1955, hefur fengið bætur greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, sem hér segir:

Dagpeningar og framhaldsdagpeningar frá 20/6 '55

til 9/3 '56	kr. 13.553.71
Örorkubætur, 15%, eingreiðsla samkvæmt mati	
dags. 22. ágúst 1957	— 18.576.00

Samtals kr. 32.129.71“

Um tekjur stefnanda á árinu 1960 liggur ekkert fyrir umfram það, sem fram kemur í starfslýsingu hans. Þegar hann kom fyrir dóm 19. janúar s.l., kvaðst hann ekki hafa talið fram tekjur sínar 1961, en telja, að þær geti hafa orðið um 80.000.00.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf Þóris Bergssonar tryggingafræðings, þar sem hann reiknar út örorkutjón stefnanda. Er bréfið dagsett 18. janúar 1960. Í bréfinu segir m. a.:

„Samkvæmt lýsingu í örorkumati Bergþórs Smára læknis,

dags. 22. ágúst 1957, varð Freysteinn Þorbergsson fyrir því slysi 12. júní 1955, að hægri handleggur varð fyrir hjóli á skurðgröfu og brotnuðu bæði framhandleggsbein. Um það bil ári síðar fór Freysteinn að vinna erfiðisvinnu og brotnaði þá geislabeinið af nýju á gamla brotstaðnum, án þess að nýtt slys kæmi þar til greina.“

Þá rekur tryggingafræðingurinn niðurstöður örorkumats Bergþórs Smára og segir síðan:

„Freysteinn er fæddur 12. maí 1931 og hefur því verið 24 ára á slysdegi.

Af skattaframtölum sést, að Freysteinn hefur að mestu dvalið í Svíþjóð árin 1953 og 1954. Hann kveðst hafa unnið þar líkamlega vinnu og hafa haft allgóðar tekjur. Hann var rétt nýfarinn að vinna á skurðgröfu, er slysið varð, og kveðst hafa haft hug á að leggja það fyrir sig að minnsta kosti sem sumarstarf. Veturinn eftir slysið fór hann í Kennaraskólann, en segir það ekki hafa verið ætlun sína fyrir slysið. Í Kennaraskólanum var hann tvo vetur, án þess þó að taka lokapróf. Sumarið milli þessara vetra hóf hann að vinna erfiðisvinnu, en það varð til þess að geislabeinið brotnaði aftur á gamla brotstaðnum.

Eftir veru sína í Kennaraskólanum fór Freysteinn til Moskvu og stundaði þar nám í tvö ár í heimspeki og bókmenntun. Jafnframt þessu hefur hann nokkuð fengizt við blaðamennsku. Nú hyggst hann leggja fyrir sig þýðingar og önnur ritstörf.

Af framanskráðu sést, að illt er að dæma um, hvaða laun skuli leggja til grundvallar við útreikning örorkubóta vegna slyss Freysteins, en einna eðlilegast virðist að gera ráð fyrir almennum verkamannalaunum. Fyrir slysið stundaði hann mestmegnis líkamlega vinnu, og örorkumat er almennt miðað við orkumissi til slíkra starfa.

Til hliðsjónar við ákvörðun bótafjárhæðar hef ég því reiknað atvinnutjón Freysteins á eftirfarandi grundvelli: Gert er ráð fyrir Dagsbrúnartaxta við almenna verkamannavinnu, 47½ vinnuvikum á ári og 48 dagvinnustundum, en engri eftirvinnu og engu atvinnuleysi. Auk vísitöluuppbótar á launin er reiknað með 6% orlofsfé svo og 1% sjúkraré, þar til sjúkraréð er reiknað inn í grunnkaupið í september 1958.

Vinnutekjutapið er reiknað út frá áætluðum vinnutekjum með því að taka á hverjum tíma jafnmarga hundraðshluta af þeim og örorkan er metin.

Þannig reiknað verður verðmæti atvinnutjóns Freysteins á slysdegi:

kr. 157.958.00

Ekki hefur verið tekið tillit til greiðslna frá Tryggingarstofnun ríkisins né gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Útreikningarnir eru miðaðir við 6% vexti p. a., dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1941—1950 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.“

Þá hefur verið lagt fram í málinu annað bréf frá Þóri Bergs-syni tryggingafræðingi um örorkutjón stefnanda. Er þetta síðar bréf dagsett 11. september 1961 og stílað til málflutnings-umboðsmanns stefnanda. Í bréfinu segir:

„Þér hafið farið þess á leit við mig, að ég reiknaði að nýju örorkutjón Freysteins Þorbergssonar vegna slyss, er hann varð fyrir 12. júní 1955, með tilliti til hækkaðs kauplags. Einnig óskið þér eftir útreikningi, þar sem tekið er tillit til, hversu almennt er hérlandis, að unnin sé eftirvinna.

Ég hef reiknað tjón Freysteins á þrjá vegu.

- I. Gert ráð fyrir launum fyrir almenna verkamannavinnu samkvæmt Dagsbrúnartaxta. Einungis reiknað með dagvinnu, eins og í fyrri útreikningi mínum. Þau laun reiknast mér nema á slysdegi kr. 39.805.00 á ári og fara hækkandi í kr. 54.717.00.
- II. Gert ráð fyrir taxta Dagsbrúnar fyrir stjórn á stórvirkum vinnuvélum, einungis dagvinna. Slík laun námu á slysdegi kr. 55.304.00 á ári, en eru nú kr. 67.433.00.
- III. Notaðar eru úrtaksrannsóknir Hagstofu Íslands yfir vinnutekjur kvænta verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna. Árs-laun samkvæmt þeim námu á slysdegi kr. 51.819.00, en eru nú kr. 82.200.00. Er þá tekið tillit til kauphækkana, er urðu eftir verkföllin í vor.

Í þessum tölum koma fram eftirvinnutekjur svo og tekjutap vegna verkfalla og atvinnuleysis.

Verðmæti vinnutekjutapsins reiknast mér nema á slysdegi:

I. kr. 161.197.00

II. — 192.618.00

III. — 231.258.00

Notaður er sami reikingsgrundvöllur og í fyrri útreikningi mínum.“

Í lok þessarar málavaxtalýsingar verður að geta þess, sem fram er komið um húsbændur stefnanda, meðan hann var við skurðgröft fyrri hluta sumars 1955.

Í stefnu segir, að stefnandi hafi verið ráðinn af Vélasjóði vorið 1955 til að stjórna skurðgröfu hjá sjóðnum. Þá segir á öðrum stað í stefnunni: „Þegar slysið skeði, vann ég, eins og áður segir, á vegum Vélasjóðs ríkisins. En vinnan var framkvæmd fyrir Ræktunarsamband Breiðdæla og Beruneshrepps . . .“

Á bæjarþingi 15. júní 1960 var bókað eftir stefanda:

„Mætti skýrir svo frá, að þeir hafi ýmist verið að grafa vegar-skurði eða túnskurði. Segir mætti, að þeim hafi verið sagt, að vegaskurðirnir væru fyrir Vegagerð ríkisins, en túnskurðirnir fyrir Ræktunarsamband Breiðdæla og Beruneshrepps. Þeir hafi hins vegar einungis haft samband við Vélasjóð um verk þetta. Merkt hafi verið fyrir skurðum á svæði því, sem grafið skyldi, en þeir síðan hagað verkinu eftir því, sem þeir tölu hagkvæmast hverju sinni. Mætti segir, að til þess hafi að vísu verið ætlað, að þeir hefðu samband við hlutaðeigandi ræktunarsamband um verkið, þegar austur kæmi. Það hefðu þeir haft símleiðis, en hins vegar ekki persónulega áður en slysið varð. Síðast áður en slysið varð segir mætti, að þeir hafi verið að grafa túnskurði á jörðinni Streiti. Hafi þeim skurði verið lokið að sinni og þeir verið búnir að flytja skurðgröfuna næstum því að vegar-skurðinum, sem lá um hlaðið á Streiti, og ætlunin verið að byrja við hann að viðgerð lokinni. Mætti tekur fram, að á þessu svæði hafi túnskurðirnir verið flestir í opnu sambandi við vegarskurðinn og þess vegna hafi þeir unnið á víxl við vegarskurðinn og túnskurðinn. Hafi þeir því sjaldan unnið lengi við hvora tegund skurðanna í einu.“

Pétur Ingólfsson hefur sagt fyrir dómi, að hann muni ekki fyrir hvern var grafið síðast, áður en slysið varð.

Á bæjarþingi 15. júní 1960 var lagður fram reksturssamningur um rekstur skurðgröfunnar V-27 fyrir árið 1955. Er hann, sem fyrr segir, á fjölrituðu eyðublaði, og er því haldið fram, að samningar, sem gerðir hafa verið þetta ár, hafi verið gerðir með þeim hætti, er í hinum framlagða samningi segir. Því er þó ekki haldið fram af hálfu Vélasjóðs, en af hans hálfu er samningurinn lagður fram, að stefnandi hafi ritað undir samning sem þennan, heldur segir svo í bréfi frá Vélasjóði, dagsettu 21. nóvember 1961, þar sem að þessu atriði er vikið að gefnu tilefni frá dóminum: „Samningar um skurðgröfuna V 25 munu

ekki hafa verið gerðir sumarið 1955, vegna þess að fyrsti skurðgröfustjórinn, Jóhannes S. Sigurðsson, sem fór austur á Berufjörð ásamt Freysteini, veiktist eftir fárra daga vinnu og hvarf brott, án þess að gengið hafi verið frá samningunum. Hinir, sem við tóku af Jóhannesi, Freysteinn og Pétur Ingólfsson, munu hvorki hafa gengið frá samningum né skrifað vinnuskýrslur.“

Af hálfu hins stefnda ræktunarsambands er því haldið fram, að það hafi engan skriflegan samning gert við Vélasjóð um vinnu skurðgröfunnar V 25 sumarið 1955. Þá er því og haldið fram af ræktunarsambandsins hálfu, að því sé ekki um neina slíka samninga við gröfumenn kunnugt, enda hafi Vélasjóður einn annazt ráðningu þeirra.

Stefnanda var sýndur fyrrnefndur rekstrarsamningur, þegar hann var lagður fram, og var þá eftir honum bókað: „Mætti segir, að hann telji mjög líklegt, að þeim skurðgröfustjórunum hafi verið fengin slík samningseyðublöð, því að hann kveðst kannast við sum ákvæðin þar. Ekki segist mætti þó muna til, að svo hafi verið gert. Telji hann líklegt, að samstarfsmanni sínum, Jóhannesi Sölva Sigurðssyni, hafi verið afhent eintök og Jóhannes hefði þá afhent sér þau, þegar hann fór frá skurðgröfunni. Mætti fullyrðir, að hann hafi ekkert slíkt skjal undirritað, eftir að hann var kominn austur, en hugsanlegt sé, að það hafi verið gert hjá Vélasjóði, áður en farið var af stað austur.“

Samningur sá, sem fram hefur verið lagður, er milli stjórnanda skurðgröfunnar og ræktunarsambands nokkurs. Með honum tekur stjórnandinn að sér gröft fyrir tiltekna upphæð fyrir hvern grafinn rúmmetra.

Í meginmáli hins framlagða eyðublaðs segir m. a., eftir að tiltekin hefur verið nýnefnd upphæð:

„Í upphæð þessari er eftirfarandi innifalið:

1. Vinnulaun öll við skurðgröftinn og flutningar allir skurðgröfunni og rekstrinum viðkomandi.
2. Vírar og olíur allar.
3. Fæði og húsnaði greiða gröfumenn með kr. 30.00 á mann á dag.
4. Gröfumenn annast flutning á vélahlutum, sem gera þarf við, til og frá næsta verkstæði, Vélasjóði að kostnaðarlausu.
5. Gröfumenn skulu framkvæma allar viðgerðir á gröfunni, en Vélasjóður leggur til varahluti. Taki viðgerð meira en tvo fulla vinnudaga beggja gröfumanna, greiðir Vélasjóður þeim tímakaup fyrir þann tíma, sem fram yfir er, með jafn-

aðarkaupi, kr. 18.00 pr. klst. Þurfi að kalla til viðgerðarmenn frá verkstæði, skal hafa um það samráð við verkstæðisformann Vélasjóðs eða framkvæmdastjóra. Jafnframt vísast til ákvæða reglugerða jarðræktarlaga frá 1951.

Skyldur við verktaka:

1. Þeir, sem láta grafa, skulu sjá um flutning á olú og flekum eftir því, sem þurfa þykir, gegn sanngjarnri greiðslu.
2.
3. Greiðsla vinnulauna fari fram að loknu verki hjá hverjum bónda, og skal þá greiða gröfumönnum út kr. á grafinn m³. Fullnaðaruppgjör fari fram strax að lokinni vinnu að haustinu.
4.

Almenn ákvæði:

Samningur þessi er gerður í þrítí og undirritast af viðkomandi og heldur hvor aðili sínu eintaki, en þriðja eintakið sendist Vélasjóði.

F. h. Ræktunarsambands Verktaki:

Samningurinn samþykktur f. h. Vélaneftndar.

.....“

Í máli þessu hefur einnig, svo sem fyrr segir, verið lagður fram leigusamningur gerður á prentað eyðublað. Er hann um skurðgröfuna V 17 sumarið 1955. Leigir Vélaneftnd ræktunarsambandi einu norðanlands gröfuna og segir m. a. svo í hinum prentaða eyðublaðstexta:

„Framkvæmdastjóri Vélasjóðs hefur fyrir hönd nefndarinnar aðalumsjá með rekstri gröfunnar, og skulu menn ráðnir á hana í samráði við framkvæmdastjóra.

Kjör gröfumanna skulu háð samþykki Vélaneftndar, hvort sem um tímavinnu eða ákvæðisvinnu er að ræða.

Skal leigutaki hafa eigi færri en 2 menn, er færir séu um að stjórna gröfunni.

.....

Leigutaki greiði allan kostnað við rekstur gröfunnar samkvæmt 21. gr. reglugerðar um jarðrækt frá 17. maí 1951. Vélasjóður ber kostnað af viðgerðum, sem framkvæmdar eru á verkstæði eða á annan hátt í samráði við framkvæmdastjóra Vélasjóðs eða eftir fyrirmælum hans og vélamenn þeir, er með gröfunni vinna, geta ekki annast á vinnustaðnum.

Leigutaki skal ávallt gæta fyllstu hagsýni í viðgerðum þess-

um. Framkvæmdastjóri Vélasjóðs úrskurðar viðgerðarreikningana og endurgreiðir leigutaka þá samkvæmt því.

Leigutaki ber kostnað við alla aðdrætti til gröfunnar og flutninga til og frá verkstæði á vélahlutum þeim, er gera þarf við. Skál leigutaki ávallt láta framkvæma allar minniháttar viðgerðir eins fljótt og frekast er unnt. Í því sambandi skal alltaf leita eftir, hvort viðeigandi vélahlutir eru fyrir hendi í vörzlum Vélasjóðs, áður en til nýsmíðis er gripið

.....

Leigutaki slysatryggir menn þá, er vinna með gröfunni, og greiðir iðgjöld og kostnað vegna þeirra trygginga.

Leigutaki greiði Vélasjóði leigu eftir gröfuna kr. fyrir hvern grafinn rúmmetra

.....

Leigutaki skal hálfsmánaðarlega láta framkvæmdastjóra Vélasjóðs í té skýrslur á þar til gerðum eyðublöðum, er hann afhendir leigutaka, og ársskýrslu

Í máli þessu hafa verið lagðar fram tvær kvittanir á eyðublöðum frá Vélanefnd. Önnur er frá stefnanda, dagsett 19. desember 1955. Segir þar, að Vélasjóður hafi greitt honum 3.000.00 kr. „í reikn. Ræktunarsamb. Breiðdals og Beruness“. Hin kvittunin er að því leyti, sem hér skiptir máli, sams konar, en gefin af Pétri Ingólfssyni.

Af hálfu hins stefnda ræktunarsambands er því haldið fram, að Vélasjóður hafi ráðið bæði stefnanda og samstarfsmann hans, Pétur Ingólfsson, til skurðgröfunnar án nokkurs samráðs við ræktunarsambandið. Því er ennfremur haldið fram, að greiðslur fyrir gröftinn hafi ekki farið um hendur fyrirsvarsmanna sambandsins eða bækur hans. Bændur hafi sjálfir, þegar fyrir þá var unnið, annazt greiðslur til gröfumanna og Vélasjóðs. Hafi kaupið verið greitt jafnóðum og verkið vannst, en þó hafi bændurnir oft samið við gröfumenn um einhvern gjaldfrest. Hins vegar hafi bændur greitt leigu fyrir gröfuna eftir á, og hafi jarðræktarstyrkur oft gengið til þeirra greiðslna og þá einatt fyrir milligöngu Búnaðarfélags Íslands. Af hálfu hins stefnda ræktunarsambands er því enn fremur haldið fram, að greiðslur fyrir gröft vegaskurða hafi ekki að neinu leyti farið um hendur fyrirsvarsmanna sambandsins eða bækur þess, enda sé þeim ókunnugt um, með hverjum hætti Vegagerð ríkisins hefur greitt fyrir vinnu þessa. Loks hefur því verið hreyft af hálfu hins

stefnda ræktunarsambands, að skurðgrafan hafi verið í notkun við vegagerð, þegar slysið varð, og sagt, að það sé haft eftir Ágústi bónda á Streiti.

Eins og áður er komið fram í þessum dómi, sendi Vélasjóður tilkynningu um slysið, sem mál þetta er af spröttið, til Tryggingarstofnunar ríkisins. Er tilkynningin dagsett 2. ágúst 1955. Ýmissa atriða úr skýrslu þessari hefur áður verið getið. Skýrslan er gefin á sérstöku eyðublaði, og er fyrsta atriðið, sem gera skal grein fyrir: „Nafn fyrirtækis eða atvinnurekanda, sem maðurinn vann hjá, er hann varð fyrir slysinu.“ Síðan hefur verið fyllt út „VÉLASJÓÐUR RÍKISINS“. Í skýrsluatriði nr. 10 segir, að stefnandi hafi ekki áður orðið fyrir slysi. Þá segir svo á eyðublaðinu, og er það 11. atriði: „Hve lengi hefur hann unnið hjá atvinnurekanda og til hve langs tíma var hann ráðinn?“ Hér hefur verið fyllt út: „Allt sumarið“. Síðari hluti sama atriðis er þannig: „Hvaða kaup fékk hann? Upphæð á dag, viku, mánuði, ári, auk fríðinda“. Hér hefur verið ritað: „Tímakaup kr. 20.00 pr. klst.“ Þá er 12. atriði: „Fær hann kaup meðan hann er óvinnufær“ Svarið er: „Nei.“ Ekki er neitt svar við þeirri spurningu í 13. atriði, hvort slasaði njóti „nokkurra annarra bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar“.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf frá Haraldi Árnasyni, framkvæmdastjóra Vélasjóðs, en hann ritaði einnig undir skýrslu þá, sem nú hefur verið greint frá. Bréfið er stílað til málflutningsumboðsmanns sjóðsins í máli þessu og segir þar:

„Samkvæmt símtali við yður skal þetta sagt varðandi *slys Freysteins Þorbergssonar á skurðgröfu V 25 árið 1955*.

1. Freysteinn var ráðinn til þess að grafa skurði fyrir bændur í Ræktunarsambandi Breiðdals- og Beruneshrepps. Skurðgrafan V 25 var leigð ræktunarsambandinu af Vélasjóði.
2. Skurðgröfumenn áttu að gera við allar minni háttar bilanir á gröfunni án sérstakrar greiðslu fyrir þá vinnu, nema viðgerð tæki meira en tvo fulla vinnudaga beggja grófumanna, þá átti Vélasjóður að greiða þeim kr. 20.00 pr. klst. fyrir þann tíma, sem unnin væri fram yfir það.
3. Freysteinn og félagar hans skiluðu aldrei neinum vinnuskýrslum um skurðgröftinn eða viðgerðirnar, þótt þeim bæri að gera það. Hins vegar virðist ljóst af greinargerð Freysteins, að hann hafi verið að framkvæma smáaðgerð (stillingu), þegar slysið varð, en af því má draga þá ályktun, að hann hafi ekki verið að vinna í þágu Vélasjóðs.

4. Þó að ég muni það ekki, tel ég líklegt, að ég hafi gefið skýrslu um slysið að beiðni Freysteins vegna hagsmuna hans gagnvart Tryggingarstofnun ríkisins, svo að hann yrði ekki af bótum þaðan. Mun þá hafa verið meira lagt upp úr því, að honum yrðu tryggðar bætur en að rannsaka niður í kjölinn, hvern telja bæri hinn raunverulega atvinnurekanda hans, enda má vel vera, að þá í svipinn hafi mér virzt, að viðgerðarvinnuna bæri að telja framkvæmda á vegum Vélasjóðs, þótt síðar komi í ljós, að hér var einungis um smáviðgerð að ræða, sem Freysteini bar að gera í sínum eigin tíma.
5. Vinnulaun þau, sem Vélasjóður greiddi Freysteini vegna Ræktunarsambands Breiðdals- og Beruneshrepps, voru fyrir skurðgröft eingöngu samkvæmt ákvæðissamningi hans. Um vinnulaun vegna viðgerða var ekki að ræða.“

Engir samningar varðandi vegaskurði þá, sem grafnir voru af stefnanda og félögum hans, hafa komið fram í málinu.

Með úrskurði, sem upp var kveðinn 16. október 1961, var aðiljum gefinn kostur á að afla ýmissa gagna varðandi málsatvik, m. a. „gagna, sem af megi ráða, hver greiddi lögboðin gjöld til Tryggingastofnunar ríkisins vegna starfa stefnanda við skurðgröft 1955“. Af hálfu Vélasjóðs hefur því verið lýst yfir, að hann hafi ekki greitt þessi gjöld. Af hálfu hins stefnda ræktunarsambands er því lýst yfir, að það hafi 1956 greitt slysatryggingariðgjald, kr. 211.00 fyrir „aflvélastjórn“ og svari það gjald til 20 vinnuvikna. Því er jafnframt haldið fram, að iðgjaldið hafi verið greitt vegna vinnu við jarðýtu, sem sé í eigu ræktunarsambandsins.

Í málinu hefur verið lagt fram staðfest afrit af skattframtali stefnanda 1956, og er þess áður getið. Meðal framtalinna tekna eru kr. 5.660.00 „laun greidd af Vélasjóði ríkisins“. Þá hefur verið lögð fram í málinu yfirlýsing frá Skattstofu Reykjavíkur, þar sem segir: „í launaframtali Vélasjóðs ríkisins fyrir árið 1955 fyrirfinnst ekki „launamiði“ vegna Freysteins Þorbergs-sonar“.

Rökstuðningur fyrir kröfum aðilja er þessi:

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Pétur Ingólfsson hafi átt sök á slysinu 12. júlí 1955. Þá hafi skortur á hlífðarbúnaði við hjól það, sem braut handlegg stefnanda, einnig verið orsök slyssins. Sök stefnanda hafi hins vegar engin verið. Því til stuðnings, að Pétur Ingólfsson hafi átt sök á slysinu, er því

haldið fram, að hann hafi ekki farið að eins og fyrir er mælt í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og eðlilegt var eftir aðstæðum. Verði að telja það stórkostlegt gáleysi að ræsa vél skurðgröfunnar, án þess að rjúfa sambandið við hjól það, sem braut handlegg stefnanda, meðan hann var að vinna með handlegginn milli pílára þess.

Þá er á því byggt af hálfu stefnanda, þó að það hafi eigi verið tekið fram beinum orðum í greinargerð eða málflutningi, að allt tjón stefnanda af örorku hans verði að telja afleiðingar slyssins 12. júlí 1955 og að ekki sé um sök að ræða af hálfu stefnanda í sambandi við vinnu hans í glerverksmiðjunni sumarið 1956 eða í öðru sambandi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndu beri in solidum ábyrgð á tjóni hans.

Því er haldið fram, að Vélasjóður beri ábyrgð á tjóni stefnandi, þar sem grafan hafi verið eign sjóðsins og gröfumennirnir hafi í raun réttir verið ráðnir af Vélasjóði og haft samband við fyrirsvarsmenn hans um starf sitt. Er í því sambandi tekið fram, að stefnandi hafi verið á námskeiði á vegum sjóðsins, áður en hann hóf störf við skurðgröft. Er því haldið fram, að hann hafi síðan verið ráðinn til starfa af fyrirsvarsmönnum sjóðsins og sendur af þeim til starfa hjá hinu stefnda ræktunarsambandi. Gröfumennirnir hafi síðan haft náið samband við Vélasjóð og þaðan hafi þeir fengið kaup, þótt það hafi verið orðað svo, að það hafi verið greitt í reikning ræktunarsambandsins. Loks hafi fyrirsvarsmaður sjóðsins tilkynnt Tryggingarstofnun ríkisins um slysið, sem mál þetta er risið af. Þá er því enn fremur haldið fram, að ákvæði reglugerðar nr. 92/1951 leiði til þess, að Vélasjóður sé ábyrgur, einkum 18. gr. hennar, þar sem segir, að framkvæmdastjóri sjóðsins skuli f. h. Vélaneftndar hafa aðalumsjón með rekstri skurðgrafa, sem sjóðurinn á. Einnig er bent á, að í leigusamningi þeim um skurðgröfuna V 17, sem lagður hefur verið fram í málinu og gerður er á prentað eyðublað, sé sams konar ákvæði svo og ákvæði þess efnis, að menn skuli ráðnir til starfa á gröfunni í samráði við framkvæmdastjóran og að kjör gröfumanna skuli háð samþykki Vélaneftndar.

Þá er því haldið fram, að hið stefnda ræktunarsamband sé einnig bótaskyld, og er í því sambandi vitnað til 21. gr. reglugerðar nr. 92/1951, en samkvæmt henni skal leigutaki greiða allan kostnað við rekstur véla þeirra, er Vélasjóður selur á leigu. Þessi kostnaður telst eftir þessari grein m. a.: „Laun manna

þeirra, er með vélarnar vinna, slysatryggingariðgjald þeirra svo og fæði og húsnæði, enda samþykki Vélanefnd kostnaðarliði þessa.“ Þá er og í þessu sambandi vitnað til ákvæða fyrrnefnds leigusamnings um gröfuna V 17 um sama atriði. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að slysið hafi orðið, er verið var að vinna fyrir ræktunarsambandið.

Bótakrafa stefnanda er sundurliðuð þannig:

1. Atvinnu- og örorkubætur ... kr. 231.258.00		
÷ bætur frá Tryggingastofnun ríkisins	—	32.129.71 199.128.29
2. Þjáningabætur		40.000.00
3. Útlagður kostnaður		1.930.00
		Kr. 241.058.29

Kröfur Vélasjóðs um sýknu eru studdar þeim rökum, að ekki hafi verið unnið við skurðgröfuna eða með henni á vegum sjóðsins, þegar slysið varð, heldur á vegum hins stefnda ræktunarsambands eða Vegagerðar ríkisins. Komi ekki til, að sjóðurinn verði ábyrgur, þó að hann hafi annazt ráðningu gröfumanna og einhverjar kaupútborganir til þeirra fyrir ræktunarsambandið. Kaup gröfumanna og annan rekstrarkostnað hafi ræktunarsambandið greitt, eins og fyrir er mælt í 21. gr. reglugerðar nr. 92/1951, og skipti ekki máli, þó að framkvæmdastjóri Vélasjóðs hafi umsjón með rekstri grafa og viss atriði séu háð samþykki framkvæmdastjórans eða Vélanefndar.

Þá er því enn fremur haldið fram af hálfu Vélasjóðs, að gröfumennirnir hafi verið sjálfstæðir verktakar, sem tekið hafi að sér gröft í ákvæðisvinnu, án þess að fara um hann eftir forsögn verkstjóra Vélasjóðs, er ekki hafi haft aðstöðu til að fylgjast með starfi þeirra. Komi því ekki til greina, að reglum um húsbóndaábyrgð verði beitt, heldur verði gröfumenn að bæta sjálfir tjón, er þeir valda.

Kröfu Ræktunarsambands Breiðdæla- og Beruneshrepps um sýknu eru studdar þeim rökum, að ræktunarsambandið eigi ekki aðild að málinu. Skurðgrafan hafi ekki verið í eign sambandsins og það hafi ekki ráðið menn til skurðgröfuvinnunnar, heldur Vélasjóður án samráðs við sambandið. Sjóðurinn hafi sérfræðinga í þjónustu sinni, sem aðstöðu hafi til að fjalla um það, er vélarnar varðar, þ. á m. að ráða menn til starfa við þær. Þá er því haldið fram, að ekki hafi verið gerðir skriflegir samn-

ingar um leigu á skurðgröfunni og að greiðslur fyrir gröftinn hafi ekki farið um hendur fyrirsvarsmanna ræktunarsambandsins, enda sé þeirra ekki getið í bókum þess. Bændur hafi sjálfir greitt gröfumönnunum og þeir sjálfir hafi einnig borgað leigugjald til Vélasjóðs. Kaupið hafi þeir greitt jafnóðum og verkið vannst, ef ekki var sérstaklega samið um gjaldfrest. Leiguna hafi bændur hins vegar greitt eftir á. Hafi jarðræktarstyrkur oft gengið til þeirra greiðslna, einatt fyrir milligöngu Búnaðarfélags Íslands, og er þessi málsútlitun áður fram komin.

Þá er því haldið fram, að skurðgrafan hafi ýmist verið notuð við jarðræktarframkvæmdir eða til að grafa vegarskurði. Greiðslur fyrir gröft vegarskurðs hafi verið ræktunarsambandinu óviðkomandi, en slysið orðið, er grafan var í notkun við vegargerð eða verið var að undirbúa slíkt verk.

Þá er því enn fremur haldið fram til stuðnings sýknukröfu hins stefnda ræktunarsambands, að stefnandi og Pétur Ingólfs-son hafi, þegar slysið varð, starfað sem sjálfstæðir verktakar eða kunnáttumenn, sem sjálfir hljóti að bera ábyrgð á tjóni, er þeir eiga sök á.

Því er haldið fram, bæði af hálfu Vélasjóðs og Ræktunarsambands Breiðdæla- og Beruneshrepps, að stefnandi hafi sjálfur átt sök á slysinu 12. júlí 1955. Hann hafi ekki vakið athygli samstarfsmanns síns á því, hvernig hann vann að verkinu eða gert sér far um að fylgjast með því, hvað hann hafði fyrir stafni. Stefnandi hafi og átt að vera jafnkunnugt um það og samstarfsmanni hans, hvernig tengslið milli aflvélar og hjóls þess, sem braut handlegg stefnanda, var stillt, og hefði hann átt að gefa þessu sérstakan gaum, þar sem hann hafi áður veitt því athygli að eigin sögn, að samstarfsmaður hans gætti ekki ávallt að tengslin þarna á milli væru rofin, er hann ræsi vélina.

Um mótmæli varðandi einstaka liði í kröfum stefnanda verður rætt síðar.

Álit dómenda er þetta:

Þegar stefnandi varð fyrir slysi 12. júlí 1955, var hann að vinna að viðgerð eða stillingu, sem gert er ráð fyrir, að gröfumenn vinni, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 92/1951. Hinir sérfróðu meðdómsmenn hafa með athugun á aðstæðum komið að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt hafi verið að framkvæma stillingu þá, sem stefnandi vann að, með því að fara með handlegginn milli pílára hjóls þess, sem braut handlegg hans. Hefði mátt gera það, þótt hlíf hefði verið framan við hjólið, og eðlilegt, að hún

hefði verið tekin burtu, meðan stillingin var gerð. Telja verður, að Pétur Ingólfsson hafi, með því að ræsa vél skurðgröfunnar, meðan stefnandi var að vinna að stillingu, sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og það því fremur, að hann gætti þess ekki, að tengslin milli vélarinnar og gröfubúnaðarins væri rofið. Mátti Pétri vera ljóst, hvernig stefnandi hagaði verki sínu, hve langt það var komið, í hvaða stöðu tengslið var og að ekki var, eins og á stóð, tilefni til að ræsa vélina. Þegar þessa er gætt, verður að telja, að hann beri meginsök á slysinu. Engu að síður verður að fallast á, að stefnandi hafi sjálfur átt nokkra sök á slysinu. Liggja til þess þau rök, sem borin hafa verið fram af hálfu stefndu og áður hafa verið rekin, sbr. og 6. mgr. 16. gr. laga nr. 23/1952. Verður að telja útilokað, að Pétur Ingólfsson hafi tengt, eftir að hann hafði ræst vélina, eins og hann ræðir um í skýrslu sinni fyrir dómi. Þykir eftir öllum atvikum rétt að telja, að Pétur Ingólfsson eigi sök á slysinu að $\frac{4}{5}$ hlutum, en stefnandi að $\frac{1}{5}$ hluta.

Það er fram komið í málinu, að stefnandi og vinnufélagar hans unnu með skurðgröfu sumarið 1955 ýmist við vega- eða ræktunarskurði. Byggja verður á þeirri skýrslu stefnanda á bæjarþingi 15. júní 1960, sem ekki hefur verið mótmælt sérstaklega og ítrekuð var 19. janúar s.l., að slysið hefði orðið, er lokið var áfanga við gröft ræktunarskurða, en áður en hafizt var handa um vinnu við vegarskurð, sem vera skyldi næsta verkefni. Skriflegir samningar um leigu á gröfunni voru ekki gerðir, þó að gera eigi skriflega leigusamninga, þegar vélar Vélasjóðs eru leigðar til jarðræktarframkvæmda, sbr. 19. gr. 2. mgr. reglugerðar nr. 92/1951. Ekki hefur heldur verið upplýst, við hvern hafði verið samið um gröft vegaskurða og með hverjum hætti þeir samningar voru. Vélasjóður er eigandi skurðgröfu þeirrar, sem slysið varð á, og ekki er sannað, að grafan hafi, þegar slysið varð, verið í leiguumráðum annars aðilja. Fram er komið, að fyrirsvarsmenn Vélasjóðs réðu gröfumenn til starfa og þeir höfðu um flest í starfi sínu samband við þá, án þess að glögglega kæmi fram, að það væri í umboði annarra aðilja. Þegar þess er gætt, þykir verða að telja, að Vélasjóður einn beri ábyrgð á slysinu 12. júlí 1955, að svo miklu leyti, sem til ábyrgðar annarra en gröfumanna getur komið. Ber því að sýkna Ræktunarsamband Breiðdæla- og Beruneshrepps af kröfum stefnanda í máli þessu. Rétt er, að málskostnaður falli niður, að því er það varðar.

Telja verður, að Vélasjóður beri ábyrgð á skaðaverkum gröfumanna. Fyrirsvarsmenn sjóðsins völdu menn til starfa og héldu fyrir þá marga hverja stutt námskeið. Í þjónustu sjóðsins eru sérfróðir menn um þessi efni, sem aðstöðu hafa til að meta hæfni starfsmannanna og gefa þeim almenn fyrirmæli. Þykir starf gröfumanna ekki vera svo sjálfstætt, að sýknukrafa sú, sem komin er fram af hálfu Vélasjóðs þar að lútandi, verði tekin til greina. Verður því að fallast á það með stefnanda, að sjóðurinn beri ábyrgð gagnvart honum á tjóni hans, sem Pétur Ingólfsson er talinn eiga sök á. Varðandi fyrirsvar vegna sjóðsins hafa engin mótmæli komið fram.

Liggur þá næst fyrir að ræða einstaka liði í kröfu stefnanda.
Um lið 1.

Þessi kröfuliður er byggður á niðurstöðum samkvæmt þriðju útreikningsaðferð Þóris Bergssonar tryggingafræðings, sbr. bréf hans dagsett 11. september 1961, sem áður er getið. Er þessi útreikningur fundinn með því að nota úrtaksrannsóknir Hagstofu Íslands yfir vinnutekjur kvæntra verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna og taka tillit til kauphækkana vorið 1961.

Fyrrgreind úrtaksrannsókn var, að sögn málflutningsumboðsmanns stefnanda, byggð á skattframtölum, og leiddi hún í ljós, að meðaltekjurnar voru mun hærri en sem nam tekjum af dagvinnu. Er því haldið fram, að þetta stafi af mikilli eftirvinnu. Ekki er hins vegar upplýst, hvernig úrtak það er fundið, sem rannsóknir þessar eru byggðar á.

Af hálfu Vélasjóðs hefur þessum kröfulið verið mótmælt. Eru þau mótmæli í fyrsta lagi á því byggð, að örorkan háí stefnanda ekki og að tekjur hans séu ekki nú orðið minni hennar vegna en ella hefði orðið. Þvert á móti stundi hann arðbærari störf en hann sjálfur segi, að hann hafi haft hug á, áður en slysið varð.

Þá er því haldið fram, að í útreikningi tryggingafræðingsins sé ranglega á því byggt, að slysið hafi orðið 12. júní í stað 12. júlí. Þá verði og að taka tillit til þess, að stefnandi fær bætur, ef til kemur, greiddar í einu lagi og þarf hvorki að greiða af þeim tekjuskatt né útsvar. Þá er því haldið fram, að taka eigi tillit til þess til lækkunar, að af tekjum þeim, sem niðurstaðan er byggð á, þurfi almennt að greiða ýmsa kostnaðarliði, t. d. vegna hlífðarfatakaupa, sem stefnandi muni ekki þurfa að greiða. Þá eigi það ennfremur að leiða til lækkunar, að í útreikningn.

um sé miðað við 6% vexti. Loks er því haldið fram, að taka verði tillit til tekjutaps vegna verkfalla og tímabundins atvinnuleysis, sem ekki sé gert, þegar fundnar eru tvær fyrstu tölurnar í niðurstöðum Þóris Bergssonar samkvæmt bréfi hans 11. september síðastliðinn.

Þá er því haldið fram af hálfu Vélasjóðs, að stefnandi hafi sýnt gáleysi, með því að vinna erfiða vinnu í glerverksmiðjunni, en af því hafi leitt, að handleggur hans brotnaði aftur og örorkutjón hans varð meira en ella.

Þegar slys það varð, sem mál þetta er risið af, var stefnandi nýkominn heim eftir meira en tveggja ára dvöl í Svíþjóð, þar sem hann hafði unnið ýmsa algenga vinnu. Framtíðin virðist hafa verið nokkuð óráðin, en stefnandi hugðist þó afla sér frekari menntunar, en vinna við skurðgröft á þeim árstíma, er sú vinna er stunduð, að því er hann sjálfur sagði fyrir bæjarþingi 10. júní 1960. Á þeim tíma, er liðinn er frá því að slysið varð, hefur stefnandi verið fjóra vetur við nám, en ella stundað ýmis störf.

Það liggur í hlutarins eðli, að engar sönnur verða færðar fyrir því, hverjar orðið hefðu atvinnutekjur stefnanda, ef slysið 12. júlí 1955 hefði ekki orðið, fremur en sannað verður, hverjar tekjur hans muni verða hér eftir. Eðlilegt þykir hins vegar að dæma stefnanda bætur, þar sem lagt er til grundvallar örorkumat Bergþórs Smára læknis, sem ekki hefur verið mótmælt sérstaklega, og þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru um meðaltekjur verkamanna. Koma í því sambandi til álita niðurstöður Þóris Bergssonar í bréfi hans, dags. 11. september s.l. Engin af niðurstöðum tryggingafræðingsins þykir verða lögð til grundvallar óbreytt. Ljóst má telja, að hin fyrsta sé of lág, þar sem þar er einungis miðað við dagvinnu. Ekki þykir unnt að miða við næstu útreikningsaðferð, þar sem þar er miðað við sérstakan taxa, en ekki reiknað með eftirvinnu. Loks þykir ekki verða miðað við þriðju og síðustu útreikningsaðferðina, þar sem þar er tekið tillit til kjara sjómanna og iðnaðarmanna, sem hér á ekki við. Hins vegar þykir mega áætla það örorkutjón (brúttótjón), sem telja má stefnanda hafa orðið fyrir. Raunverulegt tjón stefnanda þykir eiga að meta með tilliti til þessara atriða:

— að stefnandi hafði að eigin sögn hugsað sér að vera við nám eftir sumarið 1955, og var það,

— að hann hefur átt þess kost að haga námi sínu þannig, að sem minnstur bagi yrði að örorku hans,

— að slysið varð 12. júlí 1955, en ekki 12. júní, eins og útreikningar tryggingafræðingsins miðast við,

— að stefnandi þarf ekki að greiða tekjuskatt eða útsvar af bótafénu,

— að stefnandi þarf ekki að greiða ýmsa kostnaðarliði af bótafénu, sem til hefðu komið, ef um atvinnutekjur hefði verið að ræða,

— að við útreikninga tryggingafræðingsins er miðað við lægri vexti en eðlilegt verður talið,

— að ekki er nema við eina útreikningsaðferðina tekið tillit til atvinnuleysis og verkfalla og tekjutaps af þeim sökum,

— að stefnandi hefur fengið dagpeninga, framhaldsdagpeninga og örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins, samtals að fjárhæð kr. 32.129.71.

Þess er sérstaklega að geta, að byggja verður á því áliti Snorra Hallgrímssonar prófessors, að handleggur stefnanda hafi vorið 1956 brotnað á sama stað og áður, án þess að slys kæmi til, og þykir ekki vera fram komið í málinu, að stefnandi hafi átt sök á því, að svo fór.

Þegar alls þessa er gætt, telja dómendur hæfilegt að meta nettótjón stefnanda af örorku hans kr. 125.000.00. Sem fyrr greinir, ber Vélasjóði að bæta það að $\frac{4}{5}$ hlutum eða með kr. 100.000.00.

Um 2. lið.

Þessum lið er mótmælt sem of háum. Hæfilegt þykir að taka hann til greina með kr. 15.000.00, þannig að bætur til stefnanda samkvæmt honum verða kr. 12.000.00.

Um 3. lið.

Þessum lið er ekki mótmælt sérstaklega, og verður hann tekinn til greina sem hluti af málskostnaði.

Vaxtakröfunni er mótmælt sem of hárri. Verður hún tekin til greina þannig, að af bótafé, sem Vélasjóði ber að greiða stefnanda, ber honum og að greiða vexti, sem hér segir: 6% p. a. frá 12. júlí 1955 til 22. febrúar 1960, 9% p. a. frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% p. a. frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma Vélasjóð til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Einar Arnalds yfirborgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jóhannesi Zoëga verkfræðingi og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi. Dómsuppsaga hefur dregizt um venju

fram, þar sem mál þetta er mjög viðamikíð, svo og vegna veikinda og anna dómenda.

Dómsorð:

Stefnda, Ræktunarsamband Breiðdæla- og Beruneshrepps, skal vera sýknt af kröfum stefnanda, Freysteins Þorbergssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður, að því er það varðar.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. Vélasjóðs, greiði stefnanda kr. 112.000.00 ásamt 6% vöxtum p. a. frá 12. júlí 1955 til 22. febrúar 1960, 9% vöxtum p. a. frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% vöxtum p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 15.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. febrúar 1963.

Nr. 110/1962. **Stálumbúðir h/f** (Ingi Ingimundarson hdl.)
gegn

Gísla Þórðarsyni (Egill Sigurgeirsson hrl.).
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1962. Krefst hann aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda. Til vara krefst hann þess, að fjárkröfur gagnáfrýjanda verið færðar niður og málskostnaður þá látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 20. september 1962. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 262.157.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. febrúar 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. september 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim